

Afnotasamningur

1. gr. Hið leigða

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, leigusali, og Koltra handverkshópur, kt. 540295-3019, leigutaki, gera með sér svo hljóðandi samning um afnot af Salthúsinu á Þingeyri, sem er friðlýst hús á minjaskrá. Húsið er reist árið 1778 en endurgert 2008, stendur við Hafnarstræti á Þingeyri og er í eigu Ísafjarðarbæjar (hér eftir „hið leigða“).

Húsið leigist undir sýningar og sölu handverks og rekstur upplýsingamiðstöðvar, í samræmi við samning milli aðila um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Þingeyri. Annars konar rekstur og önnur hagnýting þessa húsnæðis er háð skriflegu samþykki leigusala.

2. gr. Leigutaki

Leigjandi sér um rekstur hússins og ber ábyrgð á því. Tengiliður leigutaka er Jónína H. Símonardóttir. Tengiliður leigusala er sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar.

3. gr. Leigufjárhæð, skattar og gjöld

Leigutaki skal greiða kr. 40.000,- á mánuði fyrir afnot af húsinu, þá mánuði sem starfsemi er í húsinu. Gjaldagi er 2. hvers mánaðar, orkukostnaður er innifalinn og greiðist af bæjarsjóði Ísafjarðarbæjar.

Leigjandi greiðir ekki fasteignagjöld, sorpeyðingargjöld, heilbrigðisgjöld né önnur gjöld eða álögur af hinu leigða til bæjarsjóðs. Leigutaki greiðir þá skatta og gjöld er stjórnvöld kunna að leggja á hið leigða vegna þeirrar starfsemi er fer þar fram á hans vegum.

4. gr. Leigutími

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2022.

Uppsagnarfrestur á tímabilinu er sex mánuðir, nema leigusali og leigutaki nái fullu samkomulagi um styttri frest. Uppsögn skal vera skrifleg. Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var sannarlega tilkynnt.

5. gr. Framleiga

Leigutaka er með öllu óheimilt að framleigja hið leigða húsnæði eða hluta þess nema með skriflegu samþykki leigusala.

Þá mánuði sem ekki er starfsemi í húsinu skal þannig gengið frá að Ísafjarðarbær geti heimilað öðrum aðilum takmörkuð afnot af húsinu með fullum aðgangi að hinu leigða.

6. gr. Ástand hins leigða o.fl.

Leigutaki tekur við hinu leigða í því ástandi er það var í þegar hann hóf leigu sína og honum er fullkunnugt um.

Húsið er friðlýst og er því með öllu óheimilt að gera breytingar á því. Leigutaka er með öllu óheimilt, nema í samráði við leigusala, að innrétta húsið, festa niður búnað eða gera á því nokkrar breytingar. Allt venjubundið viðhald er háð samþykki leigusala.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigusala er heimilt að sinna viðhaldi á húsnæðinu meðan á leigu stendur, svo og annarri vinnu sem nauðsynleg er vegna hússins.

Leigutaki er bótaábyrgur gagnvart leigusala fyrir öllu tjóni á húsnæði og fylgifé þess, sem verða kann af hans völdum, starfsmanna hans eða af völdum þeirra manna sem hann hefur leyft umgang um það.

7. gr. Skil húsnæðisins

Að leigutíma loknum skal leigutaki skila húsnæðinu í hendur leigusala í sama eða sambærilegu ástandi og hann tók við því náist ekki samkomulag um annað. Úttekt skal fara fram í upphafi afnotasamnings og við lok hans.

Fari leigutaki illa með húsnæðið eða vanefni samning þennan í öðrum verulegum atriðum hefur hann fyrirgert leigurétti sínum og öðrum réttindum sínum samkvæmt samningi þessum og skal samningnum rift samstundis og er honum þá skylt að rýma húsnæðið þegar í stað að beiðni leigusala.

8. gr. Réttindi og skyldur

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Um samning þennan gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Eigi að þinglýsa leigusamningi þessum, sbr. 12. gr. húsaleigulaga, þarf að auki eitt eintak á löggiltum skjalapappír.

Til staðfestu samningi þessum rita leigusali og leigutaki nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta.

2020

Leigusali

Leigutaki

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. handverkshóps Koltru

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

Jónína H. Símonardóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift

Nafn og kt.

Nafn og kt.